

Samtök ferðaþjónustunnar

Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. **P 127/727**
komudagur 18.2.2002



Samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2001

Efni: Frumvarp til laga um samgönguáætlun, þskj. 625-384. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar fagna framkomnu frumvarpi þar sem tekið verður í einu á öllum framkvæmdum og rekstri ríkisins sem varða samgöngur. Þannig gefst betra færi en nú á að meta hvort fé er best varið til vegagerðar, hafna eða flugmála.

Þó megin markmið frumvarpsins eins og því er lýst í 1. grein sé „að samræma áætlunargerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum“ þá er óhjákvæmilegt að slík áætlunargerð hafi viðtæk áhrif langt út fyrir framkvæmdasvið opinberra aðila. Gera verður ráð fyrir að ferðaþjónustan og uppbygging hennar muni óhjákvæmilega mótast af þessari áætlun og hafa stefnumótandi áhrif á vöxt og viðgang hennar. Eins munu bankar og lánastofnanir væntanlega hafa áætlunina til hliðsjónar þegar meta skal lánshæfi framkvæmda eða atvinnustarfsemi o.s. fr. Því þarf að huga vel að þeim áhrifum sem samræmd samgönguáætlun mun hafa utan stjórnsýslunnar.


Umfang samgönguframkvæmda hlýtur að taka mið af efnahagsástandi í landinu. Eðlilegt er að hægt sé á framkvæmdum þegar umsvif eru mikil í hagkerfinu og að gefið sé í þegar atvinnuleysi er mikið. Samgönguframkvæmdir hljóta til dæmis að dragast saman þegar miklar virkjanir eru í gangi. Rétt er að vikið sé að þessu í lögunum.

Í 3. grein er heldur óljóst orðalag um að samgönguráð skuli hafa samráð við hagsmunaaðila „eins og ástæða þykir til hverju sinni.“

Æskilegra væri að gerð væri sú lagaskylda að samgönguráði skuli gert skylt að láta fara fram einhvers konar undirbúningsvinnu og viðhorfskönnun þar sem hagsmunaaðilum, hvort heldur opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða samtökum gæfist kostur á að lýsa sinni framtíðarsýn gagnvart ráðinu og þar með jafnframt komið á framfæri ábendingum um þau atriði sem mestu varða fyrir hagsmuni viðkomandi aðila. Sé samgönguráði ekki gert skylt að afla sér slíkra upplýsinga, er hætt við að samgönguáætlun mótist eingöngu af þeirri sýn sem fulltrúar í ráðinu hafa gert sér um framtíðina og minna sé lítið til annarra hagsmuna en ríkisins við gerð samgönguáætlunar samanborið við það sem áður hefur verið sagt í umsögn um 1. grein.

Að öðru leyti eru Samtök ferðaþjónustunnar samþykkt frumvarpinu

Virðingarfyllt


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri